



49. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 10. júlí, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Erindi frá leikskólastjóra vegna aukastarfsdags.
3. Erindi frá félagi leikskólakennara.
4. Fundarboð á viku símenntunar 2003.
5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

a. Fjölskylduhátíðin Matur og menning

Bæjarstjóri lagði fram drög að dagskrá hátíðarinnar sem fyrirhuguð er 18. og 20. júlí nk. Bæjarráð lýsir yfir ánægju með dagskrána.

2. Erindi frá leikskólastjóra vegna aukastarfsdags.

Leikskólinn Barnabær hefur tvo starfsdaga til umráða á ári, einn að hausti og annan að vori. Þann 22. ágúst stendur til að halda haustþing leikskóla á Norðurlandi vestra og óskar leikskólastjóri eftir því að auka starfsdagur verði samþykktur fyrir þetta ár. Bæjarráð samþykkir aukastarfsdag hinn 22. ágúst nk. enda er starfsdeginum ætlað að efla faglegt starf meðal starfsmanna leikskóla.

3. Erindi frá félagi leikskólakennara.

Í erindinu vekur formaður félags leikskólakennara athygli á þeim kröfum sem gerðar eru til menntunar starfsmanna leikskóla. Bæjarráð beinir erindinu til fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefndar.

4. Fundarboð á viku símenntunar 2003.

Fundur verður haldin um Viku símenntunar hinn 15. júlí nk. við Faxatorg á Sauðárkróki. Bæjarráð felur sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarnefndar að sækja fundinn.

5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar fundargerð 704. fundar.



6. Önnur mál.

a. Gjaldskrá vegna hirðingu og eyðingu sorps í Blönduósbæ.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi:

Svohljóðandi 2. gr. í eldri gjaldskrá falli niður:

Bæjarstjórn Blönduóss hefur ákveðið grunngjald vegna sorphirðu, kr. 7.650, árgjald sem grundvallað er á því að einu sinni í viku sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili. Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

2. gr. hljóði svo:

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki/stofnun á Blönduósi.

3. gr. hljóði svo:

Íbúðir:

Árgjald vegna sorphirðu heimilissorps er kr. 7.650, fyrir hverja íbúð. Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

Fyrirtæki/stofnanir:

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði Blönduóssbæjar.

Gjaldendum er skipt í flokka samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlað magn úrgangs frá hverju fyrirtæki og/ eða starfsstöðvum þeirra.

Flokkunin er sem hér segir:

- a. kr. 4.650 - Urðað magn (áætlað) að 12 m³ á ári.*
- b. kr. 13.800 - Urðað magn (áætlað) frá 12 m³ að 48 m³ á ári.*
- c. kr. 55.000 - Urðað magn (áætlað) frá 48 m³ á ári.*

Annað í gjaldskrá haldist óbreytt.

b. Aðstaða fyrir heimilisfræðikennslu í Kvennaskólanum.

Lögð fram kostnaðaráætlun frá tæknideild vegna breytinga á húsnæði í kjallara Kvennaskólahúss vegna heimilisfræðikennslu. Kostnaðaráætlun hljóðar uppá tæpa 1,5 mkr. Hlutur Héraðsnefndar A-Hún er tæpar kr. 900 þús og hlutur Blönduóssbæjar um kr. 590 þús. Bæjarráð samþykkir að nýta kjallara hússins áfram og að framkvæmdum verði hraðað.

c. Bæjarstjórnarfundur í reiðhöllinni sl. þriðjudag.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda hestamannafélaginu Neista þakkarbréf vegna ánægjulegrar kvöldstundar, góðan viðurgjörning og reiðtúr sl. þriðjudagskvöld.



Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:15.

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)